

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Umhverfis- og auðlindaráðherra
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

21.11.2018

Efni: Fyrirspurn um áhrif aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum á náttúruvernd

Þó fagna beri aðgerðaáætlun í loftslagsmálum þarf að tryggja að framkvæmdir á vegum áætlunarinnar spilli ekki öðrum hagsmunum í náttúruvernd. Sérstök ástæða er til að hafa áhyggjur af áhrifum yfirstandandi og aukinnar nýskógræktar á fuglastofna sem kjósa opið land og eru verndaðir með alþjóðlegum samningum og íslenskum lögum. Víðtækir hagsmunir eru í húfi að vel takist til við að samræma kolefnisbindingu og náttúruvernd.

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum Aðgerðum sem hafa viðamikil áhrif á landnotkun fylgja oftast aðrar áskoranir í náttúruvernd. Víða um heim stendur nú yfir vinna við að greina og bregðast við skörun sem verður þegar áætlanir um kolefnisbindingu skarast við önnur mikilvæg markmið. Slíkar áskoranir eru fyrirsjáanlegar hérlendis í ljósi hinnar nýju aðgerðaáætlunar.

Íslendingar eru aðilar að nokkrum alþjóðlegum samningum á sviði náttúruverndar. Samningarnir eiga það allir sameiginlegt að með undirritun þeirra hefur Ísland skuldbundið sig til að vernda ákveðna þætti sem endurspeglar sérstöðu íslenskrar náttúru og ábyrð okkar í alþjóðlegu samhengi. Áherslan á að vernda þessa sérstöðu kemur einnig víða fram í íslenskum lögum, einkum lögum um náttúruvernd (nr. 60/2013) og lögum um vernd, friðun og veiðar á íslenskum fuglum og spendýrum (nr. 64/1994) ¹. Hér má nefna hátt hlutfall af sjaldgæfum vistgerðum og stóra farfuglastofna sem við deilum með öðrum þjóðum. Óvenjuleg landnotkun, eldvirkni, einangrun og æska landsins hafa valdið því að á Íslandi er stór hluti heimsstofns nokkurra tegunda landfugla ². Þessir fuglar eru háðir opnu landi. Ef áform um stórauðna nýskógrækt ná fram að ganga með þeim hætti sem virðist stefna í verður gengið á búsvæði þessara stofna og alþjóðlegir samningar og íslensk lög brotin.

Ítrekaðar athugasemdir hafa raunar þegar verið gerðar við framgöngu Íslendinga í skógræktarmálum á vettvangi alþjóðlegra samninga. Þeim athugasemdum virðist hafa verið tekið með fálæti af stjórnvöldum og skógræktarfólki.

Athugasemdir við skógræktarstefnuna Snemma árs 2016 benti Fuglavernd starfsmönnum AEWA samningsins á mögulegt misræmi í skuldbindingum Íslands við samninginn um verndun búsvæða votlendisfarfugla, sem undirritaður var árið 2013, og stefnu íslenskra stjórnvalda í skógrækt. Varð það til þess að AEWA skrifstofan sendi hingað nefnd til að sannreyna hvort þetta misræmi væri til staðar og niðurstaðan var að svo væri. Nefndin mælti með aðgerðum (Recommendation No.190 (2016) sem auðvelduðu ríkisstjórninni að uppfylla þær skuldbindingar hún hafði skrifað undir í apríl 2013. Aðgerðir þessar eru í 14. liðum og þar er m.a. vitnað í samskonar aðgerðaáætlun sem Bernar samningurinn í samvinnu við AEWA sendi ríkisstjórninni árið 2002 (Recommendation No.96) en hafði ekki verið farið eftir. Þessar aðgerðir vísa



beint til praktískra leiða til að innleiða AEWA samninginn, bera kennsl á alþjóðlega mikilvæg búsvæða vatnafugla og hraða lagalegri vernd þeirra, útbúa skógræktarstefnu sem tekur mið af fuglavernd og náttúruvernd vistkerfa, og koma umhverfismati nýskógræktar í það ferli að virkt sé. Einnig þurfi að skilyrða styrkveitingar svo þær vinni ekki gegn náttúruvernd. Við getum ekki séð að farið hafi verið eftir þessum athugasemdum.

Áhrif skógræktar á fugla opins lands Breytingar á fuglalífi í kjölfar nýskógræktar hafa verið rannsakaðar erlendis og hérlendis og eru vel þekktar. Í stuttu máli fækkar í stofnum tegunda sem kjósa opin búsvæði (mófugla) og skógarfuglar koma í staðinn. Þessi ferli hafa verið könnuð talsvert í nágrannalöndum þar sem fækkun í stofnum hefur verið tengd við nýskógrækt³⁻⁵. Skógrækt grysjar einnig þéttleika fugla á nokkur hundruð metra kraga út fyrir skógarmörk svo búsvæðamissir af völdum skógræktar er meiri en bara það flatarmál sem fer undir skóginn sjálfan^{6,7}. Skógræktarblettir geta þannig haft neikvæð áhrif á þéttleika mófugla langt út fyrir mörk sín⁸ og litlir skógar hafa hlutfallslega meiri neikvæð áhrif en stærri skógar. Þessi neikvæðu áhrif skógræktar á mófugla eru drifin af nokkrum þáttum. Þar má nefna beinan og óbeinan búsvæðamissi, aukna afránshættu og skert útsýni sem hefur áhrif á óðalsatferli. Vísbindingar eru um að þessi ferli eigi ekki bara við um skóga heldur fleiri þætti sem hafa áhrif á hversu opið land er, svo sem ýmis mannvirki⁹. Afleiðingin er sú að fuglar sem kjósa opið land eiga víðast undir högg að sækja eftir því sem meira af landi er nýtt eða hávaxinn gróður vex upp. Rannsóknir á fuglum sem verpa á opnu landi á Íslandi sýna það sama. Þeim fækkar þegar skógi er plantað og forðast einnig flestir annan hávaxinn gróður eins og lúpínustóð og runnagróður¹⁰⁻¹³.

Fuglar sem kjósa opið land eiga almennt undir högg að sækja á norðurhveli því víðast þrengir að. Skógur er aftur á móti mjög útbreitt gróðursamfélag á norðurhveli sem endurspeglar í að stofnar skógarfugla á þeim mælikvarða eru yfirleitt stærðargráðum stærri en stofnar fugla sem kjósa opið land¹⁴. Skógrækt skiptir því út tegundum sem eru sjaldgæfar á heimsvísu, fyrir tegundir sem standa mun betur í flestum tilfellum. Til að lágmarka þessi áhrif og virða lög og samninga er nauðsynlegt að skipuleggja skógrækt með öðrum hætti en nú er gert.

Við óskum því eftir að fá svör við eftirfarandi spurningum:

1. Er tryggt að framkvæmdir á vegum á vegum áætlunarinnar spilli ekki öðrum hagsmunum í náttúruvernd?
2. Hefur verið brugðist við athugasemdum við framgöngu Íslendinga í skógræktarmálum á vettvangi alþjóðlegra samninga sem við eigum aðild að?
3. Er búið að greina skörun kolefnisbindingar og náttúruverndar og tryggja að aðgerðir gegn loftslagsbreytingum styðji sem best við önnur markmið í náttúruvernd?

Heimildir

- 1 Schmalensee, M. v. *et al.* Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. (Ministry for the Environment and Natural Resources, Reykjavík, 2013).
- 2 Gunnarsson, T. G. Votlendi og vaðfuglar í ljósi landnotkunar. *Náttúrufræðingurinn* **79**, 75-86 (2010).
- 3 Walsh, P. M., O'Halloran, J., Kelly, T. C. & Giller, P. S. Assessing and optimising the influence of plantation forestry on bird diversity in Ireland. *Irish Forestry* **57**, 2-10 (2000).
- 4 Lavers, C. P. & Haines-Young, R. H. Displacement of dunlin *Calidris alpina schinzii* by forestry in the flow country and an estimate of the value of moorland adjacent to plantations. *Biological conservation* **79**, 87-90 (1997).
- 5 Amar, A. *et al.* Exploring the relationships between wader declines and current land-use in the British uplands. *Bird Study* **58**, 13-26 (2011).
- 6 Stroud, D., Harding, N. & Reed, T. Do moorland breeding waders avoid plantation edges? *Bird Study* **37**, 177-186 (1990).
- 7 Wilson, J. D. *et al.* Modelling edge effects of mature forest plantations on peatland waders informs landscape-scale conservation. *Journal of applied ecology* **51**, 204-213 (2014).
- 8 Douglas, D. J. *et al.* Upland land use predicts population decline in a globally near-threatened wader. *Journal of applied ecology* **51**, 194-203 (2014).
- 9 Vliet, R. E. v. d., Dijk, J. v. & Wassen, M. J. How different landscape elements limit the breeding habitat of meadow bird species. *Ardea* **98**, 203-209 (2010).
- 10 Gunnarsson, T. G. *et al.* Large-scale habitat associations of birds in lowland Iceland: Implications for conservation. *Biological Conservation* **128**, 265-275, doi:10.1016/j.biocon.2005.09.034 (2006).
- 11 Jónsson, J. Á., Sigurðsson, B. D. & Halldórsson, G. Changes in bird life, surface fauna and ground vegetation following afforestation by black cottonwood (*Populus trichocarpa* Torr. & Gray). *Icelandic Agricultural Sciences* **19**, 33-41 (2006).
- 12 Davidsdóttir, B., Gunnarsson, T. G., Halldórsson, G. & Sigurdsson, B. D. Avian abundance and communities in areas revegetated with exotic versus native plant species. *Icelandic Agricultural Sciences* **29**, 21-37 (2016).
- 13 Alfreðsson, S. B. *The effects of shrub encroachment on avian communities in lowland Iceland* MS thesis, Háskóli Íslands, (2018).
- 14 Tómas Grétar Gunnarsson. Íslenskir mófuglar og skógrækt. *Fuglar* 46-52 (2006).